

## Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

„Ég man þegar ég sá fyrst hljómsveitarstjóra. Hann stóð fyrir framan hljómsveitina og baðaði út höndunum og benti í allar áttir. Ég skildi ekkert hvað hann var að gera, en ég sá að það hlyti að vera eitthvað mjög mikilvægt því allir hljóðfæraleikararnir voru alltaf að horfa á hann. Samt var hann ekki með neitt hljóðfæri. Svólítið eins og galdrakarl, bara með sprotann sinn. Þá hafði ég ekki hugmynd um að ég ætti eftir að verða sjálfur hljómsveitarstjóri. Svona er lífið skrítið og kemur alltaf á óvart.“

## Barbara trúður sögumaður

Barbara fæddist í Leiklistarskóla Íslands árið 1994, kom fullsköpuð út úr Halldóru Geirharðsdóttur þegar hún setti á sig rautt nef. Halldóra er besta vinkona Barböru. Barbara kemst ekkert án Halldóru og væri ekki til ef Halldóra færi. Allt sem Halldóra kann, getur Barbara líka en margt sem Barbara veit hefur Halldóra ekki hugmynd um.

Barbara hefur sérstaklega mikinn áhuga á því sem er alvarlegt, skemmtilegt og fallegt... hún er aðdáandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands einmitt út af því að hljómsveitin er svo stórkostlega falleg og segir svo alvarlega frá skemmtilegum hlutum.



## Litli tónsprotinn 2016/17

### Litrik ævintýradagskrá

Dagskrá Litla tónsprotans á næsta starfsári verður að vanda ævintýri líkust. Við förum í bíó með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sjáum Fantasiu Walts Disney. Þar tekst með eftirminnilegum hætti að blanda saman teiknimyndum og sígildri tónlist. Mikki mús og aðrar þekktar teiknimyndapersónur Disneys leika stórt hlutverk ásamt þekktum sígildum verkum í lifandi flutningi hljómsveitarinnar.

Verðlaunaverkið Skrímslið litla systir mín verður flutt í fyrsta sinn í sinfónískum búningi á tónleikum hljómsveitarinnar. Þessir ævintýratónleikar hefjast á einskona pappírsbíói þar sem sagan um Gullbrá er flutt í myndum og tónum.

Um vorið koma svo Múmínálfar í söngvaferð til okkar alla leið frá Finnlandi. Tove Janssons skapaði Múmínálfana sem eru mörgum afar kærir og nú flytur hljómsveitin nýtt tónlistarævintýri með söngvum og fallegum myndum sem ber heitið Múmínálfar í söngvaferð.

Að sjálfsgöðu verða Jólatónleikar Sinfóníunnar á sínum stað á aðventunni þar sem hátíðleikinn er í fyrirrúmi og fjöldinn allur af listamönnum stígur á svið með hljómsveitinni.

*Áskrift að Litla tónsprotanum er áskrift að sannkallaðri ævintýraferð með Sinfóníuhljómsveit Íslands.*



# Ævintýrið um Eldfuglinn

Laugardagur 7. maí 2016



## Ævintýrið um Eldfuglinn

Lau. 7. maí >> 14:00

Ígor Stravinskij Eldfuglinn

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara sögumaður

Ari H. Yates teiknari og myndefni á tónleikum

Gabriel Bachmann hreyfimyndagerð

Diðrik Kristófersson grímugerð

Eftir tónleikana gefst  
tónleikagestum tækifæri til  
að búa til Eldfugls-grímur  
í Hörpuhorninu.

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Sinfóníuhljómsveit Íslands í samstarfi við listkennsludeild Listaháskóla Íslands vann að því að koma *Eldfuglinum* í búning 21. aldarinnar með nýju myndefni og grímugerð. *Eldfuglinn* segir ævintýrið út frá sjálfum sér. Kvenhlutverkin eru ekki mjög fyrirferðamikil í ævintýrinu en með nýju myndefni er lögð áhersla á að nálgast ásýnd kynjanna út frá öðrum sjónarhóli en hefð er fyrir í gömlu ævintýrunum.



## Tónskáldið

Ígor Stravinskij (1882-1971) var eitt merkasta og frægasta tónskáld 20. aldarinnar. *Eldfuglinn* var fyrsta stóra verkið sem hann samdi, þá 27 ára gamall. Upphaflega var verkið ballett og þegar *Eldfuglinn* var frumsýndur í París varð Stravinskij heimsfrægur á einni nóttu. Frægð Stravinskíjs gerði það að verkum að allir vildu starfa með honum; málariinn Pablo Picasso hannaði sviðsmyndir og tískudrottningin Coco Chanel gerði búninga við balletta hans.


## Ævintýrið um Eldfuglinn

Einu sinni bjó stórt skrímsli sem hét Kastsei í Rússlandi. Sál þess var geymd í öskju. Á meðan fjöregg Kastseis lá óhreyft í öskjunni var það ódauðlegt og gat haldið áfram myrkraverkum sínum; að ræna prinsessum og breyta ungum prinsum í stein. Það eina sem getur sigrast á skrímslinu er hugrakkur prins sem nær að mölva fjöreggið.



Ívan sér hvar prinsessurnar, sem skrímslið hefur í haldi, ganga út í garð og leika sér með gylltu eplin sem vaxa þar. Þær dansa hringdans í rökkrinu og Ívan hrífst af fegurð þeirra.

Við sólarupprás verða prinsessurnar að snúa aftur til hallar Kastseis. Ívan eltir þær en þegar hann gengur inn um hallarhliðið streyma liðsmenn Kastseis og skrímslið sjálft út úr höllinni. Þegar Kastsei er um það bil að breyta Ívani í stein þá man hann eftir fjöðrinni sem Eldfuglinn gaf honum.



Eldfuglinn kemur svífandi og dáleiðir skrímslin en syngur töfrandi vögguvísu fyrir Kastsei sem sofnar. Ívan sækir fjöreggið, brýtur það og lyftir álögnum. Prinsessurnar eru frjálssar og steinarnir í garðinum verða að prinsum.

